



Farsóttافرéttir

Fréttabréf sóttvarnalæknis

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknis

Mat á viðbúnaði Íslands við bráðum lýðheilsu- ógnum

Dagana 2.–6. júní 2025 fór fram fyrsta heildstæða úttekt Sóttvarna-
stofnunar Evrópu (ECDC) á viðbúnaði Íslands við bráðum lýðheilsu-
ógnum. Matinu er ætlað að efla forvarnir, viðbúnað og viðbragðsáætlanir
aðildarríkja ESB og EES samkvæmt reglugerð ESB nr. 2022/2371 um alvar-
legar heilbrigðisógnir þvert á landamæri. Matið var framkvæmt af teymi
ECDC í samstarfi við sérfræðinga frá framkvæmdastjórn Evrópusam-
bandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og var heimsóknin skipu-
lögð og undirbúin af sóttvarnalækni fyrir hönd heilbrigðisráðuneytis.
Átján stofnanir innanlands komu að matinu og um 90 sérfræðingar tóku
þátt.



Markmið og framkvæmd heimsóknar

ECDC skoðaði alls 16 matsþætti sem skilgreindir eru í reglugerðinni. Fimm lykilþættir voru skoðaðir ítarlega
í þessari fyrstu heimsókn:

1. Stjórnun viðbragða við bráðum heilbrigðisógnum
2. Þjónusta rannsóknarstofa
3. Vöktun smitsjúkdóma
4. Sýklalyfjaónæmi og sýkingar tengdar heilbrigðisþjónustu
5. Súnusjúkdómar og loftslags- eða umhverfistengdar ógnir.

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis Sóttvarnalæknis
Mat á viðbúnaði Íslands við bráðum lýðheilsu- ógnum	1	Fannar G. Gissurason, ritstjóri Guðrún Aspelund, sóttvarnalækni, ábm.	Kamilla S. Jósefsdóttir Maríanna Þórðardóttir
Heimsókn sérfræðings í forvörnum gegn kynsjúkdómum	3	Anna Margrét Guðmundsdóttir	Rebekka A. K. Valberg Sólveig B. Einarsdóttir
Tákn sýklalyfjaónæmis	4	Anna Margrét Halldórsdóttir Júlíana Héðinsdóttir	Svava Dögg Jónsdóttir Tryggvi Hjörtur Oddsson

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

Aðrir matsþættir voru meðal annars innleiðing alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR 2005), fjármögnun, mannauður, veiting heilbrigðisþjónustu, miðlun upplýsinga og heilbrigðisviðbúnaður á landamærastöðvum. Matsferlið byggðist á yfirferð innlendra gagna og ítarlegum fundum með stjórnvöldum, stofnunum, heilbrigðisþjónustu og öðrum hagaðilum. Heimsóknin byggði á opnu samtali, gagnsæi og greiðu upplýsingaflæði, sem matsaðilar lögðu sérstaka áherslu á að væri styrkleiki Íslands.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður ECDC sýna að Ísland býr yfir öflugu og samþættu viðbragðskerfi, sem hefur þróast í kjölfar reglulegra áfalla, sérstaklega náttúruvár. Sterk hefð er fyrir þverfaglegu samstarfi, sem styður hraða ákvarðanatöku og skilvirk viðbrögð á landsvísi. Heilbrigðiskerfið er miðstýrt og vel skipulagt, með skýrum lagamma og almennu aðgengi að þjónustu fyrir alla. Á sama tíma er bent á tækifæri til úrbóta, meðal annars að:

- [Formfesta hlutverk og ábyrgð](#) lykilaðila í lýðheilsu á landsvísi og í heilbrigðisumdæmum.
- [Styrkja stjórnun viðbragða við bráðum heilbrigðisógnum](#), t.d. með reglulegri endurskoðun viðbragðsáætlana, verklagsreglum og endurbótum á skipulagi neyðarbirgða.
- [Styrkja getu sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#) og hlutverk hennar sem tilvísunarrannsóknarstofu fyrir Ísland.
- [Efla vöktunarkerfi](#), m.a. með stofnun sentinel-vöktunar í heilsugæslu fyrir bráðar öndunarfærasýkingar.
- [Þróa Einnar heilsu](#) nálgun til að samhæfa vöktun, forvarnir og viðbrögð við súnusjúkdómum og umhverfistengdum heilbrigðisógnum.

Næstu skref

Að heimsókn lokinni gaf ECDC út [matsskýrslu](#) á ensku en íslensk þýðing er væntanleg. Í skýrslunni eru lagðar fram á [sjötta tug tillagna um tækifæri til úrbóta](#) í þeim matsþáttum sem teknir voru fyrir. Í framhaldinu ber Íslandi að leggja fram aðgerðaáætlun innan níu mánaða, þar sem tilgreint verður hvernig brugðist verði við ábendingunum.

Heilbrigðisráðuneytið og sóttvarnalæknir líta á matið sem mikilvægan þátt í áframhaldandi uppbyggingu heilbrigðisviðbúnaðar Íslands, ekki síst í ljósi reynslu af heimsfaraldri COVID-19 og aukinna áskorana sem fylgja loftslagsbreytingum, hnattvæðingu og fjölþættum lýðheilsuógnum.

Heimsókn sérfræðings í forvörnum gegn kynsjúkdómum

Dr. Alison P. Footman, sérfræðingur varðandi forvarnir kynsjúkdóma, kom í mánaðarlanga heimsókn síðastliðið haust til sóttvarnalæknis til að vinna að málefnum kynsjúkdóma. Heimsókn Alison var fjármögnuð með styrk frá Fulbright stofnuninni til að rýna málefni forvarna gegn kynsjúkdómum, sérstaklega vegna hárrar tíðni klamydíu og aukningar á lekanda og sárasótt hérlandis undanfarin ár. Alison hitti, auk starfsfólks sóttvarnasviðs og embættis landlæknis, hagaðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar.

Alison er yfirverkefnastjóri kynsjúkdóma hjá stofnun í New York (AVAC) auk þess sem hún situr í stjórn samtakanna *American Sexually Transmitted Diseases Association* og *International Society for Sexually Transmitted Diseases Research*.

Alison er menntuð í heilbrigðisvísindum, með doktorspróf í heilbrigðisfræðum og heilsueflingu og mastersgráðu í lýðheilsu og faraldsfræði smitsjúkdóma. Þá stundaði hún rannsóknir eftir doktorspróf varðandi HPV bólusetningar.



Mynd: Dr. Alison P. Footman

Niðurstöður og tillögur

Alison skilaði skýrslu í lok heimsóknar sinnar með helstu niðurstöður og tillögum að markvissari forvörnum og aðgerðum gegn aukningu kynsjúkdóma auk eflingar samstarfs lykilaðila hérlandis til lengri tíma.

Helstu niðurstöður skýrslunnar:

- Aukning kynsjúkdóma á Íslandi: Tíðni klamydíu er áfram há en stöðug en tilfellum lekanda og sárasóttar hefur fjölgað verulega síðustu ár.
- Takmarkaður mannaflí á sóttvarnasviði embættis landlæknis og varðandi kynsjúkdóma í heilbrigðisþjónustu, skapar áskoranir í lýðheilsu.
- Sterkur vilji til úrbóta: Heilbrigðisstarfsfólk, félagasamtök og stefnumótendur vilja bæta forvarnir og aðgengi að þjónustu.

Megintillögur sem koma fram í skýrslunni eru að:

- **Auka fræðslu og vitund um kynsjúkdóma meðal heilbrigðisstarfsfólks og almennings**
 - Myndrænt auðlesið efni um tíðni og áhrif kynsjúkdóma og fræðsluefni fyrir mismunandi hópa.
 - Efla Heilsuveru og kynfræðslu í skólum, samstarf við Ástráð, félag læknanema, og félagasamtök.
 - Betri kynning á upplýsingasíðum og notkun samfélagsmiðla.

- **Efla samstarf milli heilbrigðisstarfsfólks, félagasamtaka og sóttvarnalæknis**
 - Reglulegir fundir milli heilbrigðisþjónustu, félagasamtaka og sóttvarnalæknis.
 - Kynna tækifæri til fjármögnunar sem bjóðast félagasamtökum til að efla fræðslu og auka prófanir.
- **Styrkja kerfi til að tryggja að heilbrigðisstarfsfólk hafi aðgang að uppfærðum leiðbeiningum um prófanir og meðferð kynsjúkdóma**
 - Skýrari og aðgengilegri leiðbeiningar um próf, smitakningu og meðferð.
 - Fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að draga úr óvissu varðandi greiðslupátttöku.
- **Auka aðgengi að kynsjúkdómaprófum með því að minnka hindranir og auka framboð þjónustu**
 - Fleiri prófunarstaðir á höfuðborgarsvæði og utan þess, og lengri opnunartíma.
 - Tryggja aðgang fyrir fólk án kennitölu t.d. ferðamenn.
 - Betri upplýsingar um kostnað og greiðslupátttöku.
 - Skipulag nýrra mannvirkja með prófunarþjónustu í huga.

Niðurlag

Almennt er þjónusta vegna kynsjúkdómaprófa á Íslandi sterk. Einstaklingum stendur til boða að framkvæma sýnatökur sjálfir, sem er sjaldgæft í alþjóðlegu samhengi. Með breytingum til að auka aðgengi að prófum og með aukinni fræðslu og vitundarvakningu getur Ísland verið fyrirmynd í þjónustu á sviði kynheilbrigðis.

Skýrsluna í heild sinni, nánari niðurstöður, tillögur að aðgerðum og útfærslu má lesa á [vef embættis landlæknis](#).

Tákn sýklalyfjaónæmis



Aukið sýklalyfjaónæmi baktería um allan heim er alvarleg lýðheilsuógn. Talið er að sýklalyfjaónæmi valdi yfir 35.000 dauðsföllum á hverju ári í Evrópu en er búist við að sú tala hækki enn frekar ef ekki verður gripið til aðgerða.

Ísland tekur þátt í EU-JAMRAI 2 (European Joint Action on Anti-microbial Resistance and

Healthcare-Associated Infections), sameiginlegu verkefni Evrópuríkja sem miðar að því að draga úr sýklalyfjaónæmi og sýkingum sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Megintilgangur EU-JAMRAI 2 er að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis í anda Einnar heilsu (One Health) en að verkefninu koma 120 samstarfsaðilar frá 30 ríkjum.

Til að auka vitund um sýklalyfjaónæmi stóð EU-JAMRAI 1 (fyrsta lota EU-JAMRAI) fyrir alþjóðlegri hönnunar-samkeppni um nýtt tákn til að minna á baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi, svipað og rauða slaufan fyrir HIV/alnæmi og bleika slaufan fyrir brjóstakrabbamein. Sigurvegari í samkeppninni var Svíinn David Ljungberg.

Vinningstáknið samanstendur af tveimur sýklalyfjahylkjum sem saman mynda rauð og hvít hjörtu sem skarast og geta líka táknað tvo krosslagða plástra. Lyfjahylkin vísa til sambands sýklalyfja og sýklalyfjaónæmis, hjartað undirstrikar að ónæmi skipti okkur hjartans máli og plástrarnir minna á mikilvægi þess að finna lausnir við vandanum.

EU-JAMRAI hvetur alla til að bera þetta tákn og deila myndum af því á samfélagsmiðlum. Mælt er með að merkja @EUJamrai og nota myllumerkin:

#AntibioticResistanceSymbol #AMR #KeepAntibioticsWorking

Sniðmát og efni fyrir samfélagsmiðla má hlaða niður á [vef EU-JAMRAI](#).



Heimildir:

- Sýklalyf og sýklalyfjaónæmi – [Aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis](#)
- [EU-JAMRAI presents the first global symbol to raise awareness of the threat of antibiotic resistance](#)
